

Nd.

392. Nefndarálit

um frv. til laga um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir yfirfarið og athugað frumvarp þetta allrækilega og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. 3. málsg. orðist þannig:
Nú vill annar eða einhver jarðeigenda hagnýta hvera- eða laugaorku, sem er sameiginleg, en hinn eða hinir ekki, og skal þá sá eða þeir, er hagnýta vilja, eiga rétt á, annaðhvort að fá orkuna keypta eftir mati eða taka hana á leigu, sem ákveðin sé með mati, þó þannig, að í báðum tilfellum hafi sá eða þeir, sem ekki vilja hagnýta orkuna, eftir nægilega orku til heimilis- og húsparfa. Hvor leiðin farin sé, þegar þannig stendur á sem í þessari málsg. segir, skal vera á valdi þess eða þeirra, sem orkuna eiga. En mannvirkjum skal haga þannig, að sá eða þeir, sem ekki taka þátt í verkinu . . . o. s. frv.
2. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: önnur en þau, sem gerð hafa verið til heimilis- og húsparfa.
3. Við 6. gr. 2. og 3. málsg. orðist þannig:
Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum laga nr. 55 15. júní 1926, þó þannig, að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt, að þeim aðilum frá-gengnum, sem hann er veittur með þeim lögum.
Nú hefir sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur innan 5 ára frá því, er kaup voru gerð, og skal þá ríkissjóður eiga fyrsta forkaupsrétt, er svo stendur á.
4. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:
Ríkissjóður á rétt til að taka hvera- eða laugaorku jarðar eignarnámi til almenningparfa, en gæta skal þess, að jarðeigandi eða umráðamaður hafi eftir nægilega orku til nauðsynja sinna, til eigin heimilis- og húsparfa. Um eignar-námið fer eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.
5. Við 8. gr. Greinin falli niður.
6. Við 9. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
Nú er hvera- eða laugaorka tekin eignarnámi (sbr. 7. gr.), og eru þá landeig- endur og leiguliðar . . . o. s. frv.

Alþingi, 6. des. 1939.

Bergur Jónsson,
form.

Thor Thors.

Sveinbjörn Högnason,
frsm.

Garðar Þorsteinsson.

Vilm. Jónsson,
fundaskr.